

GRILLAÐU FULLKOMIÐ KJÖT

MARGRÓMAÐ GRILLKERFI SEM
GEFUR EINSTAKT GRILLBRAGÐ!



Sizzle

Today's barbecue lifestyle magazine



BROIL KING®

GRILL ÚRVAL

NÝI

UPPÁHALDSVEITINGASTAÐURINN

BROIL KING®

GRILLFYLGIHLUTIR

Broil King®
Great Barbecues Every Time

Sizzle

Today's barbecue lifestyle magazine

Efnisyfirlit

4 Gómsætt grillbragð

Grill sem er sérhannað fyrir framúrskarandi bragðgóðan grillmat.

6 Komdu grillinu í stand!

Gefðu þér tíma til að koma grillinu í toppstand fyrir sumarið.

8 Grillaðferðir

Lærðu nýjar aðferðir – beina og óbeina grillun, að nota grilltein og að grilla með planka.

10 Grillaðu fullkomið kjöt

Hvernig þú færð fullkomnar grillrendur í hvert einasta sinn.

12 Broil King® grillfylgihlutir

Hjálpa þér að grilla enn betur en áður.

16 Broil King® KEG, reykofnar og reykholf

Taktu reykofninn með þér heim.

18 Broil King® grill og reykofnar

Úrval okkar af hágæðagrillum og -reykofnum.

34 Girnilegar uppskriftir

Girnilegustu uppskriftir sem við höfum kynnst!



ÞAÐ SKIPTIR MÁLI HVAR OG HVERNIG HLUTURINN ER GERÐUR

FRAMLEITT MEÐ STOLTI Í NORÐUR-AMERÍKU

Við leggjum metnað okkar í að framleiða afkastamikil gasgrill sem þú getur treyst að eru gerð úr hágæðaeefni sem endist í mörg ár. Gasgrillin eru framleidd í verksmiðjum okkar í Huntington Indiana, Dickinson Tennessee og Waterloo Onatrio í Norður-Ameríku.

Íhlutir grillanna eru keyptir frá framleiðendum í Norður-Ameríku þegar mögulegt er en einnig eru notaðir íhlutir frá öðrum löndum. Grillkassar, stálvagnar/-skápar, hliðarborð og ýmsir aðrir hlutir eru allir framleiddir hjá traustum samstarfsaðilum okkar í Norður-Ameríku og gerðir úr norðuramerísku gæðastáli.

Framleiðsluferli Broil King/Onward Manufacturing Company er algerlega aðlagð að hönnun og framleiðsluáðferðum fyrirtækisins, framleiðslu verkfæra, götun og logsuðu málmhluta, dufthúðun, postulínshúðun, mótun, álsteypu, endanlegri samsetningu og pakkningu, sem og dreifingu. Vinnan snýst ekki aðeins um samsetningu, því við erum staðráðin í að tryggja gæði frá upphafi til enda.

Við erum stolt fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1906. Yfir 30 ára reynsla okkar af því að framleiða hágæðagrill og viðhalda nægum birgðum af Broil King®-varahlutum þýðir að þú getur reitt þig á okkur þegar þú þarft á að halda. Ef þú hefur spurningar eða þarft á hjálp að halda er starfsfólk okkar á Norðurlöndunum boðið og búið að koma til aðstoðar.

GÓMSÆTT GRILLBRAGÐ

Grill sem er sérhannað fyrir framúrskarandi bragðgóðan grillmat.

Broil King®-gasgrill eru hönnuð til að þú getir tekist á við nýjar áskoranir og aukið fjölbreytnina þegar þú grillar. Með hinu margrómaða Broil King®-grilli getur þú matreitt nánast allt sem hugurinn girnist. Fullkomlega eldaðar steikur, kjúkling eða stærri kjötstykki grilluð á teini – jafnvel brauðmeti og eftirrætti. Sérhver hluti grillsins er hannaður og smíðaður með tiltekið hlutverk í huga og þegar allir hlutarnir koma saman er útkoman einfaldlega framúrskarandi. Grillbragðið sem fæst með Broil King®-grillunum er engu líkt.



1. GRILLRÝMIÐ: Frábær hitaeinangrun

Framleitt úr annaðhvort pressuðu, steypu áli, postulínshúðuðu stáli eða ryðfríu stáli sem er endingargott og tryggir frábæra hitaeinangrun. Grillrýmið er hannað eins og blástursofn til að tryggja jafna eldun og í neðri hluta grillsins gufar kjötsafi og fita upp svo að safnbakinn er ávallt tómur og bragðið helst í matnum – þar sem það á heima.



2. GRILLGRINDUR: Grillrendur eins og á veitingahúsi


Þessar sterkbyggðu grillgrindur úr steypujárni, ryðfríu stáli eða steypu ryðfríu stáli veita afar jafnan hita sem lætur grillrendur myndast á matnum og viðheldur bæði bragði og kjötsafa.

Steypu grindunum má snúa við og hliðar þeirra eru ólíkar. Öðrum megin eru hvassar brúnir til að gefa fullkomnar grillrendur en hinum megin eru skorur þar sem kjötsafinn safnast fyrir og gerir kjötið safaríkara.



3. FLARE-R-WAVE™: Ótrúleg bragðgæði

Kjötsafi og fita sem rennur niður á ryðfríu Flare-R-Wave™-stálburstirnar gufar samstundis upp. Gufan sem til verður í þessu ferli umlykur matinn og gefur honum óviðjafnanlegt grillbragð. Flare-R-Wave™ dreifa hita sérlega vel um allan grillflötinn og verja brennarana.





4. BRENNARAR:


Afl og æfköst

Brennararnir eru smíðaðir úr fyrsta flokks ryðfríu stáli og þeim fylgir 5–10 ára ábyrgð. Dual Tube™-brennararnir eru hannaðir til að tryggja jafna loga, veita góðan og jafnan hita um allan grillflötinn og þeir ná allt að 350° stiga hita á nokkrum mínútum.



5. STJÓRNTÆKI:

Fullkomið hitastig Linear-Flow™-ventlar með 180° Sensi-Touch™-rofa veita þér fullkomna stjórn á hitastiginu og gera þér kleift að stilla grillið á réttan hita fyrir brúnun, ofnsteikingu eða eldun við lágan hita í lengri tíma.



Broil King®
Great Barbecues Every Time



EINN... TVEIR... OG GRILLA!

KOMDU GRILLINU Í STAND!

Gefðu þér tíma til að koma grillinu í toppstand fyrir sumarið. Ef þú gefur þér tíma til að hreinsa og athuga gasgrillið núna mun það endast þér lengur og þar að auki gefa enn betra bragð. Brenndu úr grillinu samkvæmt ábendingunni neðst á þessari síðu, leyfðu grillinu að kólna og fylgdu svo þessum einföldu skrefum og grillið verður eins og nýtt á augabragði.

Skref 1

Fjarlægðu allar grillgrindur, efri grindur og brennara og notaðu bursta eða þunnan sparslpaða til að fjarlægja uppsafnaða fitu af innra byrði grillrýmisins. Fjarlægðu leifarnar með sparslpaða eða iðnaðarryksugu. Hreinsaðu grillrýmið að innan og utan með uppþvottalegi og heitu vatni, skolaðu og þurrkaðu.

Aldrei nota ofnhreinsi á grillið; hann hefur ætandi áhrif og getur skemmt hluta þess.

Skref 2

Gakktu úr skugga um að engar skemmdir séu á brennurum eða tengingum þeirra. Ef þær eru til staðar þarf að skipta um brennara. Notaðu nál til að hreinsa óhreinindi sem stífla opin en gættu þess þó að skemma ekki rörin. Aðgættu alla kveikja til að tryggja að þeir séu hvorki tærðir né lausir og hreinsaðu öll óhreinindi af rafskautunum. Hreinsaðu því næst brennararörin með mjóum bursta. Mjög mikilvægt er að halda þessum rörum hreinum. Köngulær eiga það til að byggja sér hreiður í rörunum, sem geta stíflað og skemmt rörin.

Skref 3

Athugaðu hitabrautir (Flav-R-Wave™-stálburstir). Ef þú átt hliðarhelli skaltu hreinsa fitu og óhreinindi af henni og tryggja að hún sé óskemmd.

Skref 4

Gakktu úr skugga um að engar sprungur séu á samskeytum grillgrinda. Burstaðu þurr óhreinindi af með stálbursta. Ef þú ert með steypujárnsgrindur skaltu pensla þær með olíu til að maturinn festist ekki á þeim og til að koma í veg fyrir að þær ryðgi.

Skref 5

Tryggðu að engar sprungur séu í gasslöngunni og að hún leki ekki. Einfaldast er að bera sápuvatn á tengingar við gaskútinn og lokann. Skrúfaðu rólega frá gasinu og athugaðu hvort einhverjar loftbólur komi fram. Þær eru merki um leka. Hertu tengingarnar og prófaðu aftur. Ef enn lekur þarf að skipta um gastengingar.

Skref 6

Loks þarf að athuga alla stjórnrofa, hitamæli og handföng. Það getur hresst verulega upp á grillið með því að skipta um þessa hluti, svo það virðist eins og nýtt á eftir.

Ábending!

Þú þarft ekki að þrifa grillið eftir hvert skipti sem þú grillar. Einfaldast er að hita grillið upp á „HIGH“ í 7–10 mínútur með lokið niðri áður en þú grillar. Svo skaltu bursta burt allar matarleifar með stálbursta og grillið verður tandurhreint.



NÝI UPPÁHALDSVEITINGASTAÐURINN BÍÐUR ÞÍN

BARA AÐ OPNA DYRNAR ÚT Á GRILLPALLINN

Við elskum að grilla! Það er hluti af menningu okkar og lífsstíl og við erum stolt af því. Þess vegna eru Broil King®-grillin, sem framleidd eru í Norður-Ameríku, hönnuð til að ná fram frábæru grillbragði (Great Barbecue Flavour™). Safaríkt og meyrnt nautakjöt grillað fullkomlega á besta steikhúsinu í bænum. Ljúffengur kjúklingur grillaður á teini er alveg ný upplifun og steinbökuð pítsa stent bestu pítsustöðunum snúning. Þú færð einfaldlega ekki betri mat með öðrum grillum. Þegar þú átt Broil King® eru möguleikarnir óendanlegir. Þess vegna á grillpallurinn eftir að verða að sannkölluðum veitingastað.




Grillrými: Mjög rúmgott

Stökkt yfirborðið á grilluðum aspas, eggaldini eða kúrbít er ljúffengt og gefur mótvægi í áferð fyrir svo til allt grillað grænmeti. Brúnaðu steik eða grillaðu kalkún, það er nóg pláss!



Hliðarbrennari: Smáréttir og sósur

Til að sjóða kartöflur, sjóða niður vökva eða útbúa rjómasós, steikja sveppi og lauk – allt þetta má gera án þess að vera á þönum milli eldhússins og Broil King®-grillsins.



Grillgrindur: Fullkomnar steikur

Broil King-grillin eru búnir niðsterkum grillgrindum úr steypujárni, ryðfríu stáli eða steypu, ryðfríu stáli sem eru mótuð þannig að maturinn fær fallegar grillrendur eins og af hendi fagmanna.

(Sjá leiðbeiningar um hvernig þú grillar fullkomna steik á bls. 10–11).



Fylgihlutir: Endalausir grillmöguleikar

Öll áhöldin og fylgihlutirnir sem þú þarft til að töfra fram margs konar rétti á grillinu þínu.

(Sjá dæmi um vöruúrval okkar á síðum 12–15).





GRILLAðferðir

Þú getur notað allar þessar aðferðir til að ná því mesta út úr grillinu þínu og vekja þannig aðdáun gestanna!

Hægt er að elda mat á fjölbreyttan hátt á grillinu. Aðferðin sem þú notar fer eftir því hvaða kjöthluta á að grilla eða hvers kyns mat þú vilt elda.

Það er líka hægt að elda mismunandi matvæli á sama tíma með því að nota mismunandi aðferðir. Þetta er bara spurning um hvernig grillið er stillt og notað. Á þessari blaðsíðu er lýst fjórum mikilvægustu grillaðferðunum: Beinni grillun, óbeinni grillun, grillun á teini og grillun á planka.

1. Bein grillun

Í beinni grillun grillar þú matinn á grillgrindunum, beint fyrir ofan logana. Við mælum með beinni grillun fyrir flesta einfaldari rétti, t.d. steikur, kótelettur, fisk, hamborgara, grillspjót og grænmeti og alla aðra rétti sem þurfa stuttan tíma á grillinu.

Besta aðferðin: *(mynd 1)*

1. Forhitaðu grillið í 5–10 mínútur á „HIGH“.
2. Notaðu grillbursta úr stáli til að hreinsa matarleifar af grillgrindunum.
3. Úðaðu eða penslaðu grillgrindurnar með jurtaolíu til að koma í veg fyrir að maturinn festist við þær.
4. Stilltu á æskilegan hita.
5. Settu nú hvað sem þig langar til að grilla á grindurnar.
6. Þá er það komið. Við sögðum að þetta væri einfalt.

2. Óbein grillun

Óbein grillun er hægari aðferð sem gott er að nota til að grilla stærri stykki, t.d. steikur eða heilan kjúkling. Eins og nafnið bendir til grillast maturinn ekki beint yfir hitanum heldur með því að heitt loft leikur um hann. Tvær aðferðir eru notaðar við óbeina grillun og báðar kalla þær á lágt hitastig og lokað grill. Önnur aðferðin notast við álbakka og með hinni aðferðinni er kjötið grillað með slökkt á einum brennara. Ekki þarf að snúa matnum eða ausa yfir hann; því er þessi aðferð afar þægileg og lítil hætta er á að skyndilega byrji að loga mikið í grillinu.

Óbein grillun: Grillun með álbakka *(mynd 2)*

Við grillun með álbakka leka kjötsafi og fita niður og blandast við innihaldið í bakkanum. Þessi blanda hitnar og gufar upp og þannig kemst bæði aukið bragð og raki sjálfkrafa í matinn. Með þessu móti fær maturinn framúrskarandi bragð og tryggt er að steikurnar, kjúklingurinn eða kalkúnninn verður safaríkur og meyr.

Grillun með álbakka – aðferð:

1. Fjarlægðu grindurnar og settu álbakkann ofan á Flav-R-Wave-stálburstirnar.
2. Helltu síðan vatni eða öðrum vökva, t.d. ávaxtasafa eða víni, í álbakkann.
3. Settu grillgrindurnar aftur á sinn stað.
4. Forhitaðu grillið á „HIGH“ í 10 mínútur og lækkaðu síðan í „MEDIUM“ eða „MEDIUM/LOW“.
5. Úðaðu eða penslaðu grindina með jurtaolíu og settu matinn á grillgrindurnar fyrir ofan álbakkann.
6. Lokaðu grillinu, komdu þér vel fyrir og slappaðu af á meðan maturinn tekur í sig magnað grillbragðið. Notaðu aldrei þurran álbakka.

Óbein grillun: Grillun með einum brennara *(mynd 3)*

1. Komdu álbakka fyrir undir grillgrindunum ofan á ryðfríu Flav-R-Wave-stálburstunum, þeim megin sem þú ætlar að slökkva á brennarannum.
2. Forhitaðu grillið með því að stilla á „HIGH“ og slökktu síðan á brennarannum.
3. Penslaðu eða úðaðu grindurnar með jurtaolíu.
4. Brúnaðu kjötið á öllum hliðum, þeim megin sem kveikt er á brennarannum. Færðu síðan kjötið yfir á þá hlið þar sem slökkt er.
5. Stilltu grillið á æskilegt hitastig (yfirleitt „MEDIUM“).
6. Með þessari aðferð verður útkoman stórkostlega bragðmikil, ekki bara þegar grillaðar eru steikur heldur líka stærri kjöstykki, kótelettur og kjúklingabitar.

3. Grillteinsaðferðin

Þar sem kjötið snýst stöðugt við grillunina er það sjálfkrafa baðað í náttúrulegum kjötsafa og verður því sérlega safaríkt og meyr.

Gagnleg ráð: *(mynd 4)*

1. Komdu kjötinu fyrir á teininum miðjum.
2. Ef grilla á fuglajakjöt verður að binda vængi og leggi vel upp til að þeir brenni ekki.
3. Settu álbakka undir kjötið og safnaðu kjötsafanum þar til að nota í sósu.


4. Grillun á planku

Önnur og alveg frábær leið til að grilla er að leggja matinn á planku. Þetta er gulltrygg leið til að ná framúrskarandi útkomu sem gleður matargestina. Reykurinn frá plankanum (sem staðsettur er beint fyrir ofan logana) fer djúpt inn í kjötið og myndar ómóttstæðilegt grillbragð.


Það er sáraeinfalt að grilla á planku: *(mynd 5)*

1. Leggðu plankann í bleyti í a.m.k. eina klukkustund og þurrkaðu hann síðan með klúti.
2. Forhitaðu grillið í 10 mínútur á „HIGH“.
3. Penslaðu báðar hliðar plankans með ólífuolíu og leggðu síðan kryddaðan matinn á plankann.
4. Leggðu plankann beint á grillið fyrir ofan logana og lækkaðu hitann í „MEDIUM/LOW“.
5. Grillaðu matinn eins lengi og þér finnst mátulegt og bingó – þá hefurðu grillað þína fyrstu plankasteik. Grillplankar úr sedrusviði passa sérlega fyrir lax og geta einnig hentað fyrir annars konar kjöt. Fyrir svínakjöt hentar hlynur afar vel og birkir er frábært fyrir lambakjöt.


(Mynd 1)




(Mynd 2)




(Mynd 3)



(Mynd 4)



(Mynd 5)



ATHUGAÐU

Hafðu grillið lokað á meðan þú grillar til að halda hitastiginu sem stöðugustu og til að árangurinn verði sem bestur.

GRILLAÐU FULLKOMIÐ KJÖT

Hönnun og smíði Broil King®-gasgrillanna miðar öll að því að skila kjöti sem er grillað á fullkominn hátt. Hér er að finna upplýsingar og ábendingar um það hvernig þú finnur fullkomna kjötstykkið, notar kryddlöginn rétt og hvernig best er að grilla til að útkoman verði fullkomin í hvert einasta sinn.



EKKI BRENNNA INNI

MEÐ NEITT!

Í heimsóknnum þínum í matvöruverslunina eða til kjötkaupmannsins hefur þú eflaust heyrt um eða séð einhverja þeirra kjöthluta sem hér eru taldir upp. En veistu í raun hvað öll þessi orð merkja? Ef ekki er kominn tími til að bæta úr því. Við ætlum að hjálpa þér að átta þig á eiginleikum vinsælustu hluta nautsins, allt frá T-Bone-steik til lundar.

E. Rib Eye (beinlausar framhryggjarsneiðar):

Þetta stykki er ýmist selt heilt eða í sneiðum. Þetta er eitt vinsælasta og safarikasta kjöt sem fáanlegt er. Kjötið er afar meyr og feitara en flest önnur stykki. Vegna þess hve fitusprengr það er verður Rib Eye-sneið sérlega meyr og safarik steik.

C. T-Bone-steik:

T-Bone-steikin er skorin af hryggnum og er með T-laga beini sem skilur lundina frá hryggnum. T-Bone-steikur eru ekki jafn meyrar og Porterhouse-steikur en sérlega ljúffengar samt sem áður.

D. Porterhouse-steik (spjaldhryggsneið):

Porterhouse-steik er tekin af þykka hlutanum á hryggjarskykinu. Steikin er með T-laga beini og vænum bita af lund. Þetta er stykki sem er mjög vinsælt í Norður-Ameríku.

B. Nautalund:

Nautalundin er sérlega meyr kjöt. Lundin sjálf liggur alveg upp við hrygginn að innanverðu. Þessi vöðvi er afar sjaldan notaður og því er kjötið einstaklega meyr. Þegar lundin er skorin í sneiðar kallast þær nautamedalíur.

G. Mjaðmasneið:

Mjaðmasneiðarnar eru skornar við mjóhrygginn, á milli hryggjarskykisins og lundarinnar. Þetta stykki er ýmist selt heilt eða í sneiðum. Þetta er sérlega meyr, mjög bragðmikið og magurt kjöt sem bragðast best þegar það fær að hanga.


A. Sirloin-steik:

Hluti af mjóu ræmunni á hryggnum gefur mjúkt, vel fitusprengrt og bragðmikið nautakjöt sem hentar frábærlega til að grilla. Þar sem sirloin-steikin er tekin úr heilum vöðva grillast hún jafnt og hana er hægt að hafa ½ til 2 cm þykka eða jafnvel þykkari.

* Sjá grillleiðbeiningar hér á eftir

F. Flankasteik:

Flankasteik er kjöt af kviðvöðvum nautgripa. Flankasteik er miklu seigari en lund eða Rib Eye og þess vegna gera margar uppskriftir ráð fyrir því að þetta kjöt sé marínarað eða brasað.



Nú hefur þú áttað þig betur á nokkrum vinsælustu hlutum nautsins og þá er kominn tími til að kynna sér annað en engu síður girnilegt mál ... kryddlöginn! (Framhald á bls. 37)


LEIÐBEININGAR FYRIR FULLKOMIÐ KJÖT

Ef þú vilt grilla fullkomna nautalund (um 2,5 cm þykka) skaltu fylgja þessum einföldu leiðbeiningum.

Láttu kjötið liggja í kryddleginum í 1 klukkustund við stofuhita eða allt að sólarhring í kælskápi. Ef kjötið er geymt í kæli skal færa það í stofuhita hálf tíma áður en byrjað er að grilla til að fá jafnari eldun. Forhitaðu grillið með því að stilla á „MEDIUM/HIGH“. Þenslaðu grindina með olíu og fylgdu leiðbeiningunum.

Gerð kjöts	Þykkt (cm) 1 K (cm)			Hitastilling	Tími á hlið				Heildartími
Sneið	3 ¾	2 ½	2		A	B	C	D	
			Blóðugt	High	1 ½	1 ½	1 ½	1 ½	6 mínútur
			Blóðugt	High	1 ¾	1 ¾	1 ¾	1 ¾	7 mínútur
	Blóðugt	Miðlungsgrillað/bleikt	Miðlungsgrillað	Medium/High	2	2	2	2	8 mínútur
	Miðlungsgrillað/bleikt	Miðlungsgrillað	Gegnumgrillað	Medium/High	2 ¼	2 ¼	2 ¼	2 ¼	9 mínútur
	Miðlungsgrillað	Gegnumgrillað		Medium	2 ½	2 ½	2 ½	2 ½	10 mínútur
	Gegnumgrillað			Medium	3	3	3	3	12 mínútur


Leggðu kjötið á heita grindina




Snúðu kjötinu eins og myndin sýnir



Færðu kjötið til og snúðu því aftur



Snúðu kjötinu í síðasta skipti



ATHUGAÐU!

Lengri tíma tekur að grilla kjöt með beini. Þættir á borð við vind, hitastig utanhúss og þykkt og hitastig kjötsins þegar það er sett á grillið geta haft áhrif á eldunartímann.

Broil King®

FYLGIRHLUTIR

BÆTTU VIÐ ÞIG GRILLREYNSLU!

25 ára reynsla þýðir að vörumerkið Broil King® stendur fyrir gæði. Við erum þekkt um allan heim fyrir að framleiða grill í hæsta gæðaflokki sem gefa framúrskarandi útkomu. Þess vegna höfum við þróað glæný og vönduð grilláhöld og fylgihluti til að gera enn skemmtilegra að grilla.

Það er lífsstíll að grilla. Lífsstíll sem samanstendur af ljúffengum máltíðum, afslöppuðu andrúmslofti og útiveru. Grillið þitt hjálpar þér að losna úr eldhúsinu og verja meiri tíma með vinum og vandamönnum.

Njóttu þess að grilla fullkominn mat með úrvali vandaðra fylgihluta frá Broil King®. Fylgihlutirnir frá Broil King® munu opna fyrir þér ótal nýja möguleika, hvort sem það eru sjálfsagðir hlutir á borð við tangir og spaða, sérhönnuð grind fyrir rif og steikur eða grillbakkar. Sjá úrval að neðan og nánari upplýsingar á www.broilking.eu



64004 | GRILLÁHALDASETT

Þetta hágæða áhaldasett frá Broil King® er úr 1,8 mm ryðfríu stáli og hentar því vel fyrir jafnvel kröfuhörðustu grillmeistarara. Traust handföng eru úr hitaþolnu, hertu plasti með Broil King®-merki úr ryðfríu stáli — þetta er rétta blanda af fallegri hönnun, notagildi og endingu. Settið inniheldur spaða, töng sem hægt er að festa, sílikonpensil og grillbursta. L: 48 cm.

64010 | „SUPER FLIPPER“-GRILLSPADI

„Super Flipper“ er sérlega stór grillspadi frá Broil King®. Hann er gerður á sama hátt og aðrir alvöru grillspaðar frá okkur, en blaðið sjálft er næstum tvöfalt lengra og þannig er hægt að snúa við fleiri hamborgurum eða stærri grillmat á grillinu. Hann er gerður úr hágæða ryðfríu stáli og er búinn krók og traustu handfangi úr hitaþolnu, hertu plasti með Broil King®-merkinu úr ryðfríu stáli. 47,5 x 9,5 x 3 cm.



64070 | SKRÖPUR

Þessar sterkbyggðu skröpur eru hannaðar til að geta bæði haldið við og rífið í sundur svinakjöt, nautakjöt og fuglakjöt. Þeim fylgir einnig sílikonhaldari/krókur sem auðveldar geymslu með því að halda þeim saman. Sílikonhaldarinn/krókurinn er hitaþolinn upp að 260 °C og má fara í uppþvottavél! 25 x 8 x 4 cm.



69818 | WOK-PANNA

Djúpa Wok-grillpannan frá Broil King® er gæðasmíð sem hæfir atvinnumönnum og hún er úr 1,2 mm ryðfríu stáli. Óvenju rúmgóð hönnunin stækkar eldunarflötinn og dýpt pönnunnar gerir að verkum að pláss er fyrir allan matinn sem þú vilt wok-steikja. Stór handföng úr 10 mm ryðfríu stáli og upphleyp göt í botninum gera þessa stílheinu hönnun enn léttari og koma í veg fyrir að maturinn festist við. 43 x 25 x 9 cm.



69720 | GRILLBAKKI

Grillbakkinn úr götuðu, ryðfríu stáli með handfangi og hækkuðum brúnum. Hönnun er enn notadryggi og stöðugri en áður og auðveldar þrif. 48 x 29 x 5 cm.



69819 | GRILLBAKKI

Grillbakkinn úr ryðfríu stáli og með stórum handföngum, sléttu yfirborði og mörgum smágerðum götum. Auðvelt er að þrifa bak-kann og hann hentar fullkomlega við grillun þar sem smágerðu götin koma í veg fyrir að maturinn detti niður í grillið. 44 x 28 x 11 cm.



69712 | GRILLBAKKI

Grillbakkinn frá Broil King® er gæðasmíð sem hæfir atvinnumönnum og er úr 1,2 mm ryðfríu stáli. Hönnun grillbakkans skilar stærri grillfleti þar sem brúnir hans halda matnum á sínum stað. Stór handföng úr 10 mm ryðfríu stáli með þrykktu Broil King®-merki og upphleyp göt í botninum gera þessa stílheinu hönnun enn léttari og koma í veg fyrir að maturinn festist. 47 x 34 x 3,5 cm.



69470 | FAJITAS-PANNA

Panna úr traustu steypujárni sem hægt er að nota til að steikja fajitas eða annan mat á grillinu. Settinu fylgja bakki úr bambus og sílikonhlíf fyrir handfangið. 44 x 20 x 4,5 cm.



69805 | MEZZALUNA-PÍTSUSKERI

Mezzaluna þýðir „hálfmáni“, sem er góð lýsing á þessum fagmannlega pítsuskera. Þegar hálfmánablaðinu er velt yfir pítsuna er áleggið kyrrt á sínum stað og jafn þrýstingurinn gerir allan skurðinn nákvæmari. 12 x 39 x 2,5 cm.



69615 | STEYPUJÁRNSPOTTUR

Steypujárnspottur með loki sem var fyrst hugsaður til að geta eldað safarík ríf. Þessi Broil King®-grillpottur er með endingargóðri, mattri húð og grind sem tryggir að rífin séu ávallt böðuð í gufu. Setjið lauk eða jurtir í pottinn til að bæta enn frekar við bragðið. Lögun pottsins er þannig að hann passar beint á grillgrindurnar eða Flav-R-Wave™-bragðburstimar í Broil King®-grillum. Í honum er hægt að elda 1-4 ríf samtímis. 48,5 x 19 x 14 cm.



69824 | FJÖLNOTA STANDUR

Fjölnota standur úr ryðfríu stáli fyrir bakstur, pítsur, til að gufusjóða grænmeti eða skelfisk, grilla kjúkling o.s.frv. Fjölnota grilláhalð sem býður upp á endalausa möguleika. 32 x 7,5 cm.



69815 | SETT MED PÍTSUSTEINI

Pítsusteinninn frá Broil King® er festur í umgjörð úr 1,2 mm ryðfríu stáli sem á er handfang úr 10 mm ryðfríu stáli. Settið inniheldur traustan pítsusteinn sem þolir hraðar hitabreytingar, umgjörð með innbyggðum hitamæli og pítsuspaða úr við. Umgjörðin er hönnuð þannig að pítsan renni ekki af steininum þegar spaðinn er notaður til að fjarlægja hana af grillinu. 33 x 1 cm.



69814 | GRILL- OG PÍTSUSTEINN

Grill- og pítsusteinninn er úr keramikblöndu sem hentar afar vel til baksturs á háum hita á grillinu. Efnið hrindir frá sér raka og sprungur myndast ekki í því við háan hita. Steinninn sjálfur er mjög þykkur (1,9 cm) og hann dreifir hitanum jafnt og lokar fyrir beina loga úr grillinu. 38 x 2 cm.



69800 | PÍTSUSPADÍ

Það mikilvægasta af öllu – á eftir sjálfu deiginu – er að vera með stóra pítsuspaða úr ryðfríu stáli. Þetta geta allir pítsugerðarmeistarar staðfest. Til að spara pláss er Broil King®-pítsuspaðinn með handfangi sem hægt er að fella saman og hann er bráðnauðsynlegur fyrir alla áhugamenn um pítsugerð. Handfangið er mjúkt og blaðið sjálft er stórt og þægilegt í þrífum. 65 x 27,5 x 3 cm.



Broil King® STEIKARPLATA

Tvöföld steikarplata úr steypujárni með þunnri postulínshúð. Notuð í staðinn fyrir hluta grillgrindarinnar.



11221	SIGNET-LÍNAN 38 x 33 x 2 cm
11223	MONARCH-LÍNAN 38 x 28 x 2 cm
11237	PORTA CHEF 320 OG GEM 320, 340 34 x 26 x 2 cm
11239	IMPERIAL- OG REGAL-LÍNURNAR 49 x 30 x 2 cm
11242	CROWN- OG BARON-LÍNURNAR 38 x 28 x 2 cm

69132 | KJÚKLINGASTANDUR

Kjúklingastandur er ein allra besta lausnin til að elda kjúkling á grillinu! Standur úr ryðfríu stáli sem rúmar flestar stærðir kjúklinga ásamt bjórdós og panna með Broil King®-merkinu þrykktu í botninn. Hitamælir með sílikonkanti, sérstílltur fyrir fuglakjöt, fylgir með. 23 x 19 x 5,5 cm.



62479 | HAMBORGARASETT

Hamborgarasett með pressu og hamborgaragrind hentar frábærlega til að gera sína eigin hamborgara, heima við eða í sumarbústaðnum. Með hamborgarapressunni er auðvelt að gera tvo hamborgara í einu og með grindinni (sem ekkert festist á) geturðu grillað allt að sex hamborgara. 44 x 22 x 8,5 cm.



64152 | GRILLSTANDUR

Grillstandur úr ryðfríu stáli þar sem hengja má kjúklingabita til að þeir snerti ekki grillflötinn. Þannig er hægt að grilla kjúklingabita án þess að þeir festist á grillgrindunum og bakkinn lokar fyrir beina loga. 40 x 18 x 42 cm.



69160 | STEIKARPLATA ÚR KOLSTÁLI

Steikarplata úr kolstáli heldur hitanum og dreifir honum jafnt, betur en nokkuð annað efni. Þessi „þungavigtarplata“ fullkomnar fylgihlutasafnið úr steypujárni og er hinn eini rétti fylgihlutur til að brúna steikur, fisk, gírnilega hamborgara og steikja lauk. 29,5 x 34,5 x 1,5 cm.



62602 | STANDUR FYRIR RIF OG STEIKUR

Þessi fagmannlegi Broil King®-standur fyrir rif og steikur rúmar allt að fimm rifastykki og snjöll hönnunin býður einnig upp á að efri hluti standsins sé notaður fyrir stærri steikur. Standurinn er úr 10 mm endingargóðu, ryðfríu stáli og hann er með stórum handföngum sem auðveldar þér að færa hann til á grillinu. 38,5 x 22 x 9,5 cm.



68425 | SKURÐARBRETTI ÚR SEDRUSVIÐ

Þetta skurðarbretti frá Broil King® úr 100% sedrusviði er með einkar stórum skurðarfleti og djúpum raufum og hentar því afar vel fyrir stærri kjötstykki. Og einn stærsti kosturinn er sá að skurðarbrettið er hægt að setja í uppþvottavél. 50 x 28 x 4 cm.



64233 | FJÖLNOTA STANDUR/GRILLSPJÓTASETT

Pennan stand úr ryðfríu stáli með sex tvöföldum steikarteinum er hægt að nota með afar fjölbreyttum hætti. Hann hentar frábærlega fyrir steikur, fuglakjöt, grillspjót og rif. Í honum er hægt að grilla allt að sex rif. 39 x 29 x 9 cm.



63290 | GRILLPLANKAR ÚR HLYN

Grillplankar úr 100% náttúrulegum hlyn frá Kanada, tveir í pakka. 38 x 19 x 1 cm.

63280 | GRILLPLANKAR ÚR SEDRUSVIÐ

Grillplankar úr 100% náttúrulegum sedrusviði frá Kanada, tveir í pakka. 38 x 19 x 1 cm.



69155 | GRILLSTANDUR FYRIR CHILI-PIPAR

Þessi Broil King®-grillstandur úr ryðfríu stáli er með innbyggða neðri hitahlífl sem gerir þér kleift að grilla chili-píparinn án þess að brenna hann. Með götum af tveimur ólíkum stærðum geturðu grillað jalapeño-pípar og aðrar minni chili-tegundir. Með tveimur röðum er hægt að grilla allt að 14 stykki af chili-pípar í einu og öflug 10 mm handföng og þykkir 1,2 mm bakkarnir tryggja bæði gæði og afköst. 38,5 x 9 x 8,5 cm.



60190 | PREMIUM-REYKBOX

Lögun þessa Broil King®-reykbox úr ryðfríu stáli er hönnuð fyrir stálburstirnar á Flav-R-Wave™. Þetta vandaða reykbox er óvenjulegt fyrir margar sakir, ekki síst fyrir hólfin tvö sem tvöfalda kraftinn í reykingunni og innbyggðu loftopin í loki á hjörum. Það er jafnvel hægt að nota með vökva ef óskað er eftir sérlega háu rakastigi, eða með bæði spóni og vökva, en sú blanda býður upp á óendanlega fjölbreytni í grillbragði. 35 x 11 x 4 cm.



REYKSPÓN

Bragðbættu grillmatinn með náttúrulegu reykbragði. Prófaðu spóninn með nautakjöti, svínakjöti, fuglakjöti og fiski. Þessar spónategundir gefa mikið bragð og fást í mörgum ólíkum bragðtegundum. Notið reykbox eða leggið spóninn beint á viðarkolin. U.þ.b. 1 kg, 23,5 x 17 x 10 cm.



63200	MESQUITE-REYKSPÓN
63215	WHISKEY-REYKSPÓN
63220	HIKKORIÚREYKSPÓN
63230	EPLAREYKSPÓN

60528 | GRILLHANSKAR

Grillhanskar úr sterku leðri með mjúkri föðringu og Broil King®-merkinu. Þessir lúxushanskar vernda jafnvel úlnliðina og verða fallegri með meiri notkun. 18 x 5 x 38 cm.



63255 | VIÐARFLÍSAR ÚR ROMMTUNNU

Eikarbitar úr gömlum vín- eða rommtunnum sem notaðar hafa verið fyrir sum af bestu vínunum sem framleidd eru í Kanada/Bandaríkjunum eða fyrir karabískt romm. Vegna þess hve lengi vínið hefur legið í tunnunum verður reykbragðið engu líkt. U.þ.b. 1 kg, 17 x 10,5 x 23 cm.



60974 | GRILLHANSKI

Grillhanski með fimm fingrum og mynstri sem gefur gott grip og aukna fingrafími. Þessi sveigjanlegi og hitapolni hanski er ómissandi fyrir grillmeistarann. Ein stærð fyrir alla og létt að þrifa.



60975 | GRILLSVUNTA

Svunta úr sama efni og Premium-grillyfirbreiðslan okkar. Með vösum fyrir hitamæli, drykki og áhöld og með stillanlegu bandi og hnöppum að aftan. Upptakari fylgir með. L x B x H: 79 x 68 x 0,1 cm.



60745 | GRINDAHALDARI

Grindahaldari úr ryðfríu stáli með handfangi úr hitapolnu harðplasti sem lyftir steypum og ryðfríum grillgrindum í Broil King®-grilli á einfaldan hátt með tveimur mismunandi raufum. Passar einnig fyrir vöru nr. 69722/69822.



60940 | ÚÐABRÚSI

QuickMist er fjölnota úðabrusi fyrir jurtaolíu, án drifgass. Notaður til að úða á matinn eða grillgrindum. 6 x 5,5 x 23 cm.



50936 | Q-LITE™

LED-ljósíð Broil King® Q-Lite™ er með haus sem snýst í 360°. Sjálfst ljósíð er hægt að stilla bæði upp á við og niður á við; það er fest á handfang loksins og getur lýst upp allan grillflötinn. Þessi trausta smíði er endingargóð og veðurheld, en ljósinu fylgja fjórar ólíkar festingar, fimm öflugar díóður og rafhlöður. 17,5 x 3,5 x 30 cm.



61138 | LITLIR HITAMÆLAR

Sett með fjórum litlum hitamælum með sílikonkanti, sem gerir að verkum að auðvelt er að taka mælana úr matnum á grillinu. Tveir rauðir hitamælar eru stilltir fyrir fuglakjöt og tveir svartir hitamælar eru stilltir fyrir nautakjöt. Sérstakur Broil King®-standur fylgir með. 6,5 x 5,5 x 9 cm.



60523 | GRILLTEINASETT

Alhliða grillteinasett sem inniheldur mótór með straumbreyti, spjót, öfluga grillgaffla, mótvægi og alhliða festingar fyrir Broil King®-grill með þremur eða fjórum brennurum. Hægt er að lengja spjótið um 15 cm ef þörf krefur. 220 V ESB-tengi. 85 x 10 x 13 cm.



TAKTU REYKOFNINN MEÐ HEIM





KEG

Njóttu sannkallaðrar matargleði með ekta grillbragði. Broil King Keg® er einkaleyfisvarið og hugvitssamlegt kola- og reykgrill sem er búið mörgum kostum í samanburði við hefðbundin kolagrill og önnur kamado-grill. Ólíkt flestum keramikgrillum í kamado-útfærslu er Keg með tvöfaldar stálhliðar og gæðaeinangrun á milli þeirra. Háþrúð tæknileg hönnun og framleiðsla tryggir að hitinn helst stöðugur og jafn þegar elda á við lágan hita í langan tíma.

SVONA VIRKAR ÞETTA

Einstök lögum Keg er sérhönnuð fyrir grillun með varmajöfnun og veggirnir eru með tvöfaldri einangrun, sem tryggir afburða hitaeinangrun.

REYKOFNAR

Broil King® kynnir með stolti nýja línu af framúrskarandi reykofnum sem ganga fyrir gasi eða kolum. Broil King® Smoke™-reykofninn er hannaður til að gefa matnum ljúffengt Smoke™-reykjarbragð. Hvert smáatriði hefur verið hannað af nákvæmni og natnin sést hvar sem litið er í reykofninum. Broil King® sameinar endingargóða hönnun, fallett útlit og einstaka fjölbreytni við eldun. Góður matur, gott bragð og gaman að grilla í hvert einasta sinn!



GRILL MEÐ REYKHÓLFI

Broil King® Smoke minnir á sígilt BBQ-grill í suðurríkjum Bandaríkjanna en er jafn auðvelt í notkun og gasgrillin frá Broil King®. Rétt eins og aðrir reykofnar frá Broil King® uppfyllir reykholfið ströngustu gæðakröfur. Stórt hólfið gefur gott rými fyrir langa eldun við lágan hita eða til að grilla með kolum við háan hita á sama tíma og hliðarholfið gefur ekta ómótstæðilegt reykjarbragð. Nýja Smoke™-grillið með reykholfi er fullkomin viðbót, bæði við Broil King®-fjölskylduna og þína eigin fjölskyldu.

Broil King®

GRILLÚRVAL

2,7 kW hágæða hliðarbrennari úr steypujárni

Framleidd úr hágæðastáli frá Norður-Ameríku



Premium-grillteinasett
fylgir með

957883SE

Uppsett stærð

L: 193 D: 63 H: 125

IMPERIAL™ XLS

17,6 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli

2,7 kW hágæða hliðarbrennari úr steypujárni

4,4 kW aftari grillteinsbrennari úr ryðfríu stáli

Premium-grillteinasett fylgir með

Sex einkaleyfisvarðir Dual-Tube™-brennarar úr ryðfríu stáli

Tvö aðskilin grillrými

Alls 6452 cm² grillflötur með tveimur postulínshúðuðum efri grindum

Hágæða tveggja hliða grillgrindur, steypar úr ryðfríu stáli

Flav-R-Wave™-grillkerfi úr ryðfríu stáli

Linear-Flow™-lokar með 180° Sensi-Touch™-stýringu

Deluxe Accu-Temp™-hitamælir

Rafstýrður Sure-Lite™-kveikibúnaður

Lok úr ryðfríu stáli með hliðum úr steypu áli

Grillkassi úr ryðfríu stáli með hliðum úr steypu áli

Innbyggð lýsing í grillrými

Stjórnborð með upplýstum rofa og kveikhnappi fyrir grillun allt árið


Sterkbyggð hjól sem snúast og læsast

Level Q™-hæðarstilling á fremri hjólum

Rúmgóðar skúffur og skápur úr ryðfríu stáli
fyrir geymslu


Broil King® Premium-yfirbreiðsla #68490 (seld sérstaklega)

GRILLFLÖTUR



Grillgrindur steypar úr ryðfríu stáli

IMPERIAL™ XLS



Grillgrindur steypar úr ryðfríu stáli
tryggja frábæra hitaeinangrun og henta einstaklega vel til að brúna kjöt hratt og loka því til að kjötsafi og bragð tapist ekki. Grindurnar eru með tveimur hliðum. Á annarri hliðinni eru hvassar brúnir til að mynda fullkomnar grillrendur en hinum megin eru skorur þar sem kjötsafinn safnast fyrir og gerir kjötið safaríkara. Auðvelt að þrifa og sérlega endingargóðar.



9572835E

Uppsett stærð

L: 193 D: 63 H: 125

REGAL™ XL SVART

17,6 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli

2,7 kW hágæða hliðarbrennari úr steypujárni

4,4 kW aftari grillteinsbrennari úr ryðfríu stáli

Premium-grillteinasett fylgir með

Sex einkaleyfisvarðir Dual-Tube™-brennarar úr ryðfríu stáli

Tvö aðskilin grillrými

Alls 6,452 cm² grillflötur með tveimur postulínshúðuðum efri grindum

Endingargóðar tveggja hliða grillgrindur úr steypujárni

Flav-R-Wave™-grillkerfi úr ryðfríu stáli

Linear-Flow™-lokar með 180° Sensi-Touch™-stýringu

Deluxe Accu-Temp™-hitamælir

Rafstýrður Sure-Lite™-kveikibúnaður

Lok með svartri postulínshúðun með hliðum úr steypu áli


Grillkassi úr ryðfríu stáli með hliðum úr steypu áli

Stjórnborð með upplýstum rofa og kveikhnappi fyrir grillun allt árið

Sterkbyggð hjól sem snúast og læsast

Level Q™-hæðarstilling á fremri hjólum

Broil King® Premium-yfirbreiðsla #68490 (seld sérstaklega)



Tveggja hliða grillgrindur úr steypujárni

REGAL™ XLS



Steypujárnsgrundunum í Broil King® er hægt að snúa. Á annarri hliðinni eru hvassar brúnir til að mynda fullkomnar grillrendur en hinum megin eru skorur þar sem kjötsafinn safnast fyrir og gerir kjötið safaríka. Með réttu viðhaldi endast grillgrindurnar ævilangt.



Dual-Tube™-brennararnir eru hannaðir til að tryggja jafnan loga og veita góðan og jafnan hita um allan grillflötinn. Brennararnir eru smíðaðir úr fyrsta flokks ryðfríu stáli og þeim fylgir fimm ára ábyrgð.



Hæðarstilling - Level Q™-hæðarstilling á hjólum

Þessar hagkvæmu og niðsterku hæðarstillingar eru staðsettar á fremri hluta botnplötu grillsins. Þær gera þér kleift að stilla Broil King®-grillið þitt af þannig að það standi rétt, jafnvel þótt undirlagið sé óslétt.

63280 GRILLPLANKAR ÚR SEDRUSVIÐ



LAX Á PLANKA

Aðferð: Grillun á planku

Undirbúningur: 60 mínútur

Rauður sedrusviður er sú viðartegund sem er oftast notuð fyrir grillplanka. Ef rétt er að farið gerir þessi grillaðferð laxinn sérlega gómsætan og gefur honum sterkan reykjarkeim.

Hráefni:

Laxaflök

Krydd

Ólífuolíu

Grillplankar úr sedrusvið

Undirbúningur og matreiðsla

Leggið plankann í eina klukkustund.

Athugið! Hægt er að nota mismunandi vökva, t.d. engiferöl, bjór, vatn með sjávarsalti eða nýkreistan sítrónusafa til að láta plankann drekka í sig bragð. Útkoman verður mismunandi eftir því hvaða bragðefni eru notuð.

Þegar plankinn hefur verið tekinn úr vökvanum er hann þerraður með eldhúspappír og penslaður með ólífuolíu á báðum hliðum. Athugið! Til að fá margslungnara bragð er hægt að nota bragðbetta ólífuolíu.

Penslið laxaflökin með ólífuolíu (venjulegri eða bragðbættri) og stráðið kryddblöndu yfir eftir smekk. Leggið laxaflökin á sléttari hlið plankans. Forhitið grillið á „MEDIUM/LOW“, setjið plankann með laxinum á grillið og lokið grillinu. Grillið 15–20 mínútur.

Athugið! Ef notaður er heill lax lengist grillunartíminn upp í um það bil 45–50 mínútur.

Athugið hvort laxinn er fulleldaður. Holdið á að vera matt og losna auðveldlega sundur undan gaffli. Prófið hvort laxinn er tilbúinn með því að stinga í þykkasta hluta flaksins. Berið laxinn fram á grænmetisbeði og dreypið nýkreistum sítrónu-, límónu- eða appelsínusafa yfir. Verði ykkur að góðu!


Athugið! Ef það kviknar í plankanum meðan grillað er skal loka grillinu og skrúfa fyrir brennarana. Áður en plankanum er fleygt skal láta hann liggja í vatni í svolitla stund til að tryggja að öll glóð hafi kulnað.

Broil King®


GRILLÚRVAL



GRILLFLÖTUR



Grillgrindur úr ryðfríu stáli
REGAL™ 590



Grillgrindur úr ryðfríu stáli
REGAL™ 490



958343SE

Uppsett stærð

L: 160 D: 65 H: 124

REGAL™ S590 PRO

16 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli
2,7 kW hágæða hliðarbrennari úr steypujárni
4,4 kW aftari grillteinsbrennari úr ryðfríu stáli
Premium-grillteinasett fylgir með
Fimm einkaleyfisvarðir Dual-Tube™-brennarar úr ryðfríu stáli
Alls 5 645 cm² grillflötur með postulínshúðaðri efri grind
Endingargóðar 9 mm grillgrindur úr ryðfríu stáli
Flav-R-Wave™-grillkerfi úr ryðfríu stáli
Linear-Flow™-lokar með 180° Sensi-Touch™-stýringu
Deluxe Accu-Temp™-hitamælir
Rafstýrður Sure-Lite™-kveikibúnaður
Lok úr ryðfríu stáli með hliðum úr steypu áli
Grillkassi úr ryðfríu stáli með hliðum úr steypu áli
Stjórnborð með upplýstum rofa og kveikihnappi fyrir grillun allt árið
Sterkbyggð hjól sem snúast og læsast
Level Q™-hæðarstilling á fremri hjólum

Broil King® Premium-yfirbreiðsla #68492 (seld sérstaklega)

956343 SE

Uppsett stærð

L: 141 B: 65 H: 124

REGAL™ S490 PRO

13,2 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli
2,7 kW hágæða hliðarbrennari úr steypujárni
4,4 kW aftari grillteinsbrennari úr ryðfríu stáli
Premium-grillteinasett fylgir með
Fjórir einkaleyfisvarðir Dual-Tube™-brennarar úr ryðfríu stáli
Alls 4 484 cm² grillflötur með postulínshúðaðri efri grind
Endingargóðar 9 mm grillgrindur úr ryðfríu stáli
Flav-R-Wave™-grillkerfi úr ryðfríu stáli
Linear-Flow™-lokar með 180° Sensi-Touch™-stýringu
Deluxe Accu-Temp™-hitamælir
Rafstýrður Sure-Lite™-kveikibúnaður
Ryðfrí handföng
Grillrými úr ryðfríu stáli með hliðum úr steypu áli
Hliðarborð úr ryðfríu stáli með kryddhillum úr steypu áli
Lok úr ryðfríu stáli með hliðum úr steypu áli
Skápur með hurðum úr ryðfríu stáli
Stjórnborð með upplýstum rofa og kveikihnappi fyrir grillun allt árið
Sterkbyggð hjól sem snúast og læsast
Level Q™-hæðarstilling á fremri hjólum

Broil King® Premium-yfirbreiðsla #68491 (seld sérstaklega)

64233 FJÖLNOTA STANDUR/GRILLSPJÓTASETT

GIRNILEG GRILLSPJÓT

Aðferð: Bein grillun

Undirbúningur: 15 mínútur

Getur það orðið einfaldara? Notið tilbúna grillsósu og ítalska salatsósu og bætið við nokkrum viðbótarhráefnum til að útbúa frábæran kryddlög með frísklegu bragði.

Hráefni:

750 g grísalund, skorin í teninga	1 dós ananassneiðar
½ tsk tabasco-sósa	1 tsk sítrónusafi
¾ dl ítölsk salatsósa	3 msk hunang
½ rauð paprika, skorin í bita	1 ½ dl grillsósa
½ græn paprika, skorin í bita	

Undirbúningur og matreiðsla

Blandið grillsósu, salatsósu, hunangi, sítrónusafa og tabascosósu saman í stórrí skál. Látið blandast vel. Setjið grísalundina saman við og látið standa í 1 klukkustund við stofuhita eða allt að sólarhring í kælskáp.

Geymið kryddlöginn. Látið vökvann renna af ananasnum og skerið hann í bita. Præðið kjöt, papriku og ananasbita til skiptis upp á grillspjót. Grillið spjótin við „MEDIUM“-„LOW“ í 4–6 mínútur á hvorri hlið (snúið einu sinni). Penslið grillspjótin með kryddleginum þegar 3 mínútur eru eftir af grilltímanum.

Grillgrindur úr ryðfríu stáli

Ryðfríu grillgrindurnar frá Broil King® eru framleiddar úr 9 mm hágæða ryðfríu stáli sem tryggja frábæra hitaeinangrun og langa endingu. Einfaldar í notkun og auðvelt að þrifa.

Premium-grillteinasett

fyldir með Sterkt grillspjót og gafflar úr ryðfríu stáli. Teinninn bæði snýst og eys safi yfir kjötið, sem gerir það sérlega meyr og safaríkt.

Með öflugra

hliðarbrennaranum okkar getur þú eldað enn fjölbreyttari máltíð. Töfraðu fram gómsætt meðlæti, súpur og sósur um leið og þú grillar.

Broil King®

GRILLÚRVAL

2,7 kW hliðarbrennari

Deluxe Accu-Temp™-hitamælir



Premium-grillteinasett fylgir með

923983 SE

Uppsett stærð

L: 160 D: 61 H: 117

BARON™ 590

13,2 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli

2,7 kW hliðarbrennari úr álhúðuðu stáli

4,4 kW aftari grillteinsbrennari úr ryðfríu stáli

Premium-grillteinasett fylgir með

Fimm einkaleyfisvarðir Dual-Tube™-brennarar úr ryðfríu stáli

Alls 5 194 cm² grillflötur með postulínshúðaðri efri grind

Endingargóðar tveggja hliða grillgrindur úr steypujárni

Flav-R-Wave™-grillkerfi úr ryðfríu stáli

Linear-Flow™-lokar með 180° Sensi-Touch™-stýringu

Rafstýrður Sure-Lite™-kveikibúnaður

Deluxe Accu-Temp™-hitamælir

Lok úr postulínshúðuðu stáli með hliðum úr steypu áli

Grillrými úr ryðfríu stáli með hliðum úr steypu áli

Stjórnborð úr ryðfríu stáli


Felliborð á hliðum úr ryðfríu stáli með snögum fyrir áhöld

Sterkbyggð hjól sem snúast og læsast

Level Q™-hæðarstilling á fremri hjólum


Broil King® Premium-yfirbreiðsla #68488 (seld sérstaklega)

GRILLFLÖTUR




Tveggja hliða grillgrindur úr steypujárni

BARON™ 590



Tveggja hliða grillgrindur úr steypujárni

BARON™ 490 / 440



Tveggja hliða grillgrindur úr steypujárni

BARON™ 340 / 320

